

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍÞRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

sms smálán

Einföld
þægindi



1
Þú skráir þig á **www.kredia.is** og sækir um að gerast lántakandi [tekur aðeins örfáar mínútur].



2
Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið **1919**.



3
Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

Verðskrá		
Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr.	2.500 kr.	12.500 kr.
20.000 kr.	4.750 kr.	24.750 kr.
30.000 kr.	7.000 kr.	37.000 kr.
40.000 kr.	9.250 kr.	49.250 kr.

* Smálán eru aðeins veitt fjárráða einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem ekki eru á vanskilaskrá.

** Lántaki getur einungis haft eitt lán í einu, nýtt lán er ekki veitt nema fyrra lán sé endurgreitt að fullu.












www.kredia.is

Kredia

Eftir að fréttir bárust af VIP-partýinu varð **Lilja Ingibjörgardóttir** facebook-vinur **Siggu Klingenberg**, **Villa Naglbits**, **Hjörvars Hafliðasonar**, **Jakobs Frimanns** og **Siggu Lund**. Nú er spurningin, hver addaði hverjum?

Þér er ekki boðið!

Fátt hefur verið rætt meira en **VIP-partýið** sem glamúrþíumar **Hildur Líf** og **Linda Ýr** ætla að halda um helgina. **Lilja Ingibjörgardóttir** er hætt við að vera með, en það er langt frá því að búið sé að hætta við partýið. **Monitor** tók stöðuna á nokkrum af helstu „celebum“ Íslands og hvort þau verði á staðnum.

	Fékkst þú boðskort?	Ætlar þú að mæta / myndir þú mæta?	Vissir þú hverjar Lilja Ingibjörgar, Hildur Líf eða Linda Ýr voru áður en fréttist af VIP-partýinu?
 <p>LILJA INGIBJÖRGARDÓTTIR: „Það hafa verið flott partý hér sem eru ekki samansafn af því sem þær vilja kalla þotulíð. Lykillinn er að hafa góða blöndu. Það er svolítt munur á því að búa í New York eða á Íslandi.“</p>	Nei, ég fékk ekki boðskort.	Nei, ég myndi nú ekki gera það.	Já, já. Þær hafa nú verið töluvert mikið á lífinu.
 <p>Ásgeir Kolbeins, partífræðingur: „Það hafa verið flott partý hér sem eru ekki samansafn af því sem þær vilja kalla þotulíð. Lykillinn er að hafa góða blöndu. Það er svolítt munur á því að búa í New York eða á Íslandi.“</p>	Nei, ég fékk ekki boðskort.	Nei, ég myndi nú ekki gera það.	Já, já. Þær hafa nú verið töluvert mikið á lífinu.
 <p>Erpur Eyvindarson, rappari: „Heavy óþægur vinur minn fær minn miða af því ég kemst ekki.“</p>	Jú, jú. Ég fékk boð.	Ég kemst ekki. Herraklúbburinn Fancy verður erlendis.	Já, já. Ein afgreiddi mig til dæmis alltaf í bakaríinu í Mosó.
 <p>Arnar Grant, vaxtaræktarmaður: „Mér finnst svolítið sniðugt hjá þeim að hrista upp í fólki. Þeim hefur allavega tekist að vekja athygli. Annars held ég að þetta hafi verið hálfgræn grín sem hafi gengið lengra en þær ætluðu sér.“</p>	Nei, ég er nú ekki svo frægur að fá boðskort í þetta.	Ég efast um það. Ég þarf að skipuleggja mig aðeins lengra fram í tímann.	Já, já, ég veit alveg hverjar þær eru.
 <p>Tobba Marínós, fjölmiðlaprinsessa: „Þetta er góð staðsetning fyrir akkúrat svona partý. Þú getur farið í ljós í Smart áður en þú mætir og komið heltanaður þarna inn. Svo geturðu bara pantað eldheita hænu á borðið frá BK kjúklingi við hliðina á.“</p>	Jú. Ég fékk alveg svitakast og skalf öll þegar ég var að fletta því upp hvort ég væri boðin. Og jú, ég var boðin.	Ég hef nú ekki hugsað mér það vegna anna. En mér finnst fólk vera svolítið fordómfullt. Fólk má nú halda partý án þess að allir fái tremmakast. Fólk ræður svo bara hvort það mætir.	Já, ég vann á Séd og heyrð og þær eru nú bara pennavinkonur mínar. En þótt ég sé ansi vel inni í öllu þá veit ég ekki hver þessi Linda Ýr er.
 <p>Steindi Jr., grínisti: „Ég er nú bara að fréttast af þessu núna. Er partý?“</p>	Mér var ekki boðið. Eða, ég held ekki. Enginn búinn að tala við mig.	Engan veginn.	Nei, ég hef bara ekki hugmynd. Ég veit ekkert um þetta mál!
 <p>Þorkell Máni, útvarpsmaður: „Er þetta ekki bara Youtube-vandamálið? Það halda allir að þeir geti orðið stjörnur.“</p>	Nei. En Frosti (hinn stjórnandi Harmageddon) var boðinn. Það halda alltaf allir að ég sé Frosti.	Nei, ég mæti yfirleitt aldrei í VIP-partý, eða bara partý yfir höfuð. Ekki mikill partýmaður.	Ég svona kannaðist við nöfnin, já.
 <p>Vala Grand, glamúrþí: „Þetta er svolítið myndið. En samt töff. En samt myndið! En af hverju ekki bara að bjóða öllum? Það geta hvort sem er allir orðið frægir á Íslandi.“</p>	Já, ég er boðin.	Ég er ekki alveg viss.	Já, já. Ég veit alveg hverjar þær eru.
 <p>Sveppi, sjónvarpsstjarna: „Að ræða við mig um VIP-partý er bara eins og að spyrja Lalla Johns út í ferminguna. Ég er ekki mikið búinn að spá í þessu.“</p>	Nei, ég fékk ekkert boðskort.	Nei, ég reyni nú yfirleitt að vera laus við svona partý.	Já, ég hef heyrð nafni einnar þeirra fleygt.

Monitor mælir með

FYRIR FERÐALANGA

Vefsíðan DoHop.com er ekki ný af nálinni en það verður að segjast að hér er á ferðinni algjör snilldar-síða. Það er hægt að gleyma sér tímunum saman við að skoða alla ferðamöguleikana sem eru í boði og reyna að finna sér draumferðina á sem hagstæðustu verði.



FYRIR FATASJÚKA

Það getur verið heldur erfitt fyrir budduna að kaupa sér mikið af fötum svo nú er um að gera að nýta sér alla fatamarkaðina sem eru í gangi. Um hverja helgi eru haldnir fatamarkaðir sem eru yfirleitt vel auglýstir á Facebook. Ef þú finnur enga fatamarkaði er alltaf hægt að skella sér í Kolaportíð!

TIL TILBREYTINGAR

Þeir sem eru orðnir leiðir á hárgreiðslunni sinni ættu að kíkja við á InStyle.com og fá sér eitt stykki Hollywood Makeover. Þú hleður inn andlitsmynd af þér og getur svo prófað allar heitustu hárgreiðslurnar í dag. Á síðunni eru þúsundir möguleika svo best er að hafa nægan tíma fyrir stafni áður en handa er hafist.

Vikan á...

facebook

VIP-PARTÝ

Dóri DNA
Hvern eða hve marga þarf ég að handrukka til þess að vera boðinn í þetta helvíttis party!
23. febrúar kl. 18:59

Jón Gunnar Geirdal Er ekki KLOVN bræður eða Todd Phillips
Hangover maður búnir að tryggja sér kvikmyndaréttinn að þessu undislega máli? Þetta er botnlis brunnur gamanmála...
23. febrúar kl. 11:54

Ásdís Rán Þið eruð svo mikil krútt stelpur! hehe.. Besta partý-auglýsingaherferð fyrr og síðar, Lilju að þakka... :)
23. febrúar kl. 09:16

Sóli Hólm „Fólk með sínar grúppur getur halt sín eigin partý,“ segir hún og gefur öfundarröddum langt nef.
23. febrúar kl. 08:34

Sigmar Vilhjálmsson Ehhh...missti ég af einhverju, hverjar eru þetta?
21. febrúar kl. 20:07

Högni Egils-son Kjeppz er ad fara ad djammz 4real!
21. febrúar kl. 19:27

Feitast í blaðinu

Alexander og Ósk opna fataskápin fyrir Stílnum. Þau kunna bæði að klæða sig. >>>4

Swords of Chaos eru á meðal þeirra sem verða á South by South-west. >>>6

Þorsteinn Guðmundsson í viðtali. Hann horfði aldrei sjálfur á Fóstbræður. >>>8

Óskarinn er um helgina. Stundum hefur Óskar frændi drullað upp á bak. >>>12

Brynjar Þór bikar-meistari í kórfa í Lokaprófinu. Hann fær sjaldan falleg sms. >>>14

Efst í huga Monitor

Tilfinningarússíbani á Óskarnum

Á sunnudagskvöldið má búast við grátri, hlátri og öllu þar á milli þegar tilkynnt verður hverjir hljóta Óskarsverðlaunin í ár. Þegar tilnefningarnar eru lesnar upp er spennan í hámarki og spennufallið sem verður þegar sigurvegarinn er tilkynntur er ótrúlegt bæði fyrir tilnefnda og áhugasama áhorfendur. Einnig verður spennandi að sjá hver verður flottust á rauða dreglinum og auðvitað hver klúðrar kjólnum algjörlega.

Sérfræðingar keppast nú um að rifja upp minnisstæð augnablik frá hátíðum fyrri ára og virðist vera að svanakjöll Bjarkar og rembingsskoss Adrien Brody standi alltaf upp úr.

JACKIE CHAN ÁTTI EKKI SÉNS Í KAREEM ABDUL-JABBAR

STRÍPALINGURINN Á SVÍÐINU

BEN STILLER MÆTTI Í SÍNU FÍNASTA ÞÚSSI Í FYRRA

BJÖRK STIMPLAÐI SIG INN Í HOLLYWOOD SEM SVANUR

SLEIKURINN SEM GLEYMIST SEINT

BILLY CRYSTAL FÓR HAMFÖRUM SEM KYNNIR Í MÖRG ÁR

SOUTH PARK-GENGID REYNDI SITT BESTA

Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) **Umbrot og hönnun:** George Kristófer Young (george@mbl.is)
Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is), Haukur Johnson (haukurjohnson@monitor.is), Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is) **Auglýsingar:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Forsíða:** Gollí **Myndvinnsla:** Hallmar F. Þorvaldsson
Grafík: Elín Esther **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569-1136 **Netfang:** monitor@monitor.is



ÚT Á LÍFIÐ

SAMFESTINGUR: SPÚTNIK
SKÓR: GS SKÓR
BELTI: URBAN OUTFITTERS



HVERSDAGS

SKÓR: FATAMARKAÐUR Í BROOKLYN
BUXUR: TOPSHOP MANCHESTER
SAMFELLA: TOPSHOP LONDON
BELTI: URBAN OUTFITTERS
LEÐURJAKKI: MAMMA ÁTTI HANN



UPPÁHALDS

KJÓLL: JAPANSKUR HÖNNUÐUR Í CAMDEN/LONDON
SKYRТА: MAMMA SAUMAÐI HANA Á YNGRI ÁRUM
SKÓR: HM

Stórar skyrtur og víðar buxur

Ósk Gunnarsdóttir 24 ára, er annar eigandi umboðsskrifstofunnar NÓ Management. Hún er sálfræðinemi í Háskóla Íslands og er við það að útskrifast. Ósk hefur mikinn áhuga á fötum og finnst gaman að grúska á fatamörkuðum. „Ég reyni að blanda saman flíkum úr öllum áttum og löndum. Ég elska fatamarkaði í borgum eins og New York, detta til dæmis inn á einhverja flík sem gjör-samlega heillar mann, smellpassar og var eflaust eign 8 barna móður árið 1970 í Brooklyn“.

Aðspurð hvernig hún myndi lýsa sínum eigin stíl segist Ósk vera smá hippí í sér. „Ég elska stórar skyrtur og víðar buxur. Svo upp á síðkastið hef ég verið óð í kaupum á samfestingum! Eina sem angrar menn þegar maður fer út á lífið í samfesting, er að þú þarft nánast að klæða þig úr öllu, hinum konunum sem biða eftir klósettinu ekki til mikillar lukku“.

Skemmtistaðurinn? „Kaffibarinn og Boston“.

Veitingastaðurinn? „Eldhúsið hjá mömmu og pabba! Það er allt guðdómlega gott sem foreldrar mínir gera á hverjum sunnudegi fyrir okkur stórfjölskylduna“.

Hvað er á döfinni? „Klára BS og takast á við ný og spennandi verkefni. Ég er heppin að fá að vinna með frábæru og hæfileikaríku fólki í þeirri vinnu sem ég er í og það heldur klárlega geðheilsunni í lagi. Svo eru Færeyjar og London næst!“

Gaman að grúska á fatamörkuðum

Stíllinn heldur áfram að kíkja í fataskápinn hjá áhugaverðu fólki.

Er að vinna að áttunda undri veraldar

Stíllinn fékk að kíkja í fataskápinn hjá Alexander Kirchner. Hann er 24 ára ungur maður og rekur Bar46 á Hverfisgötu. Í frítíma sínum hannar hann, saumar og þrjónar fót og fylgihluti.

Alexander hefur mikinn áhuga á fötum og verslar hann fötin sín á hinum ýmsu stöðum. „Ég versla bara fötin mín allsstaðar,“ segir hann. „Bara ef ég sé eitthvað sem mig langar í, versla bara hvar sem er, þó aðallega í Europris“.

Hver er stíllinn þinn? Street sophisto.

Hvernig myndirú útskýra það? „Ég myndi kalla það vera hástemmdan götustíl í bland við eitt og strax annað. Það er engin regla og kannski flókið að útskýra. Ég klæði mig bara eins og vonði tvíburabróðir minn.“

Aðspurður um tónlist segir Alexander að hann hlusti nánast á hvað sem er, bara allt sem nær til hans. „En James Blake er að gera mikið fyrir mig þessa dagana“.

Skemmtistaðurinn? „Það er Bar46 á Hverfisgötunni. Þetta er eini staðurinn sem býður upp á pool í 101 Reykjavík“.

Drykkurinn? „Vatn er drykkurinn. Vatn, og mikið af því (út í vodka)“.

Veitingastaðurinn? „Ég myndi segja að það væri O Sushi niðri í Íðuhúsi á Lækjargötu. Ég gæti helst borðað þarna alla daga vikunnar enda mikill sushi-aðdáandi“.

Hvað er á döfinni? „Er að vinna að áttunda undri veraldar“.



ÚT Á LÍFIÐ

BOLUR: PRIVAT
BUXUR: ANDERSEN&LAUTH
SKYRTA: ANDERSEN&LAUTH
SKÓR: GK RVK
BINDI: Y3 (BELTI)



UPPÁHALDS

PEYSA: PRIVAT
BUXUR: AF HAUGUNUM
BOLUR: AMERICAN APPAREL
LEÐURJAKKI: SPÚTNIK
GALLAVESTI: RAUÐI KROSSINN
SKÓR: Y3



HVERSDAGS

BOLUR: PRIVAT
BUXUR: CHEAP MONDAY
SKÓR: CONVERSE
LEÐURJAKKI: SPÚTNIK
PEYSA: CHEAP MONDAY

Stíllinn talaði við Ósk Gunnarsdóttur og Alexander Kirchner og fékk að sjá hvaða dress og fát myndu velja sér fyrir skólann eða vinnuna, djammað en einnig hverjar uppáhaldsflíkurnar þeirra eru.

NÝIR
OG SPENNANDI
RÉTTIR!

HOLLT OG GOTT!

Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!

SERRANO.IS



6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT
N1 BILDHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI


serrano
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIG!

**SWORDS OF CHAOS
LEGGJA LAND UNDIR FÓT**



Eins og Airwaves, bara margfalt stærra

Hljómsveitimar **Swords of Chaos** og **FM Belfast** spila ásamt um 2.000 öðrum hljómsveitum á tónlistarhátíðinni **South by Southwest**.

Harðkjarnarokksveitin Swords of Chaos stendur í ströngu þessa dagana við að undirbúa ferð sína til Bandaríkjanna á tónlistarhátíðina South by Southwest (SXSW). Hátíðin fer fram í Austin í Texas og er ein sú stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum.

„Þetta er eiginlega eins og Airwaves nema miklu, miklu stærra. Það eru eitthvað um tvö þúsund bönd sem spila þarna,“ segir Úlfur Alexander Einarsson, liðsmaður í sveitinni. „Þetta er svokölluð „show-case“ hátíð þar sem bönd sem hafa gefið eitthvað út reyna að koma sér á framfæri,“ segir hann en ýmsar fleiri íslenskar sveitir hafa farið á hátíðina í gegnum árin. Má þar nefna Mammút, Seabear og Rökkurró.

Erykah Badu eitt af stóru nöfnunum

Það eru þó ekki bara hljómsveitir sem eru að reyna að koma sér á framfæri sem heiðra gesti SXSW með nærveru sinni en þrátt fyrir mikið úrval er Úlfur nokkuð viss um hvaða listamann hann er spenntastur



ÚLFUR
ALEXANDER



ERYKAH BADU

ad sjá. „Erykah Badu verður þarna og ég myndi segja að ég væri spenntastur fyrir henni. Ég hef alltaf verið mikill aðdáandi hennar,“ segir hann. Það kann að koma einhverjum á óvart þar sem tónlist Badu er töluvert frábrugðin háværu harðkjarnarokki Swords of Chaos. En Úlfur á sér mýkri hliðar því hann spilar einnig með hljómsveitinni Útídur.

„Það er töluvert ólíkt. Mér finnst mjög gaman af harðkjarnarokkinu og ég er líka í annarri rokkhljómsveit sem heitir Fist Fokkers. En mér finnst mjög gaman að vera í poppinu líka. Maður fær að kynnst allt annarri hlið á tónleikameningunni, að sjá hvernig tónleikarnir eru frábrugðnir og hvernig fólk mætir á hvora um sig.“

Hátíðin fer fram dagana 11. til 20. mars og því farið að stytast verulega í brottför. Og þeir munu ekki bara spila í Austin. „Við höfum aldrei spilað í Bandaríkjunum þannig við ætlum að stoppa í nokkra daga í New York. Við munum svo spila þrjú gigg þar,“ segir Úlfur að lokum.

SÖFNUNARTÓNLEIKAR Á SÓDÓMA

Töluverður kostnaður fylgir ferðalaginu hjá Swords of Chaos en til að safna fyrir kostnaðinum hafa þeir félagar kallað til nokkrar vinahljómsveitir til að spila á sérstökum söfnunartónleikum. Þær sveitir eru ekki af verri endanum, **FM Belfast** (sem einnig spila á SXSW), Orphic Oxtra, Quadruplos og Muck.

Tónleikarnir fara fram á **Sódóma Reykjavík, fimmtudagskvöldið 24. febrúar klukkan 20** og kostar einungis **1.000 krónur** inn.



FM BELFAST SPILA BÆDI Á SÖFNUNARTÓNLEIKUNUM OG Á SXSW

SOUTH BY SOUTHWEST Í 25 ÁR

South by Southwest-hátíðin í **Austin í Texas** (skammstöfuð **SXSW**) fer fram í 25. sinn í ár.

Hátíðin snýst ekki einungis um tónlist heldur einnig um kvikmyndir og gagnvirka tækni. Tónleikarnir eru þó fyrirferðarmiklir enda mæta um **2.000 hljómsveitir** til leiks ár hvert og tónleikastaðirnir eru um 90 talsins.

Hátíðin er ein sú stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum og er stærsti viðburður ársins í Austin.

TÍU ÁHUGAVERÐUSTU

Listamenn frá fjölda landa koma fram á **SXSW**. Vefsíðan **Mtvlggy.com** hefur tekið saman tíu áhugaverðustu alþjóðlegu hljómsveitirnar sem fram koma og vert er að kynna sér. **FM Belfast** er ein þeirra.



- El Guincho (Spánn)
- Ebony Bones (Bretland)
- Le Butcherettes (Mexíkó)
- Braids (Kanada)
- Tiê (Brasilía)
- FM Belfast (Island)
- El Hijo de la Cumbia (Argentína)
- Doctor Krápula (Kólumbía)
- Alcoholic Faith Mission (Danmörk)
- Kids of 88 (Nýja Sjáland)



Rose Bruford College of Theatre & Performance

Einn af fremstu leiklistar- og leikhússkólum í Evrópu, sem býður upp á nám á öllum hliðum leikhúss.

Faglegt nám í virtum leiklistar- og leikhússkóla í London.

Skólinn býður upp á nám til BA gráðu í:

- Acting
- European Theatre Arts
- Acting Musicianship
- American Theatre Arts
- Theatre Design
- Performance Sound
- Lighting Design
- Creative Lighting Control
- Costume Production
- Stage Management
- Scenic Arts

Skólinn býður upp á nám til MA gráðu í:

- Ensemble Theatre
- Theatre for Young Audiences

Inntökupróf og viðtöl fyrir allar deildir fara fram í Hinu Húsinu, Reykjavík, 05. og 06. mars, fyrir inngöngu í september 2011.

Þann 4. mars verður Leikhússpíng í Tjarnarbiói, þar sem rætt verður um alþjóðlegt leikhús. Um kvöldið verður boðið til Leikhússveislu. Til að bóka sæti eða fá nánari upplýsingar vinsamlegast sendið póst á netfangið leikhusthing@gmail.com

Nánari upplýsingar og skráning:
sue.mctavish@bruford.ac.uk

www.bruford.ac.uk

Image courtesy of Bjartmar Þórðarson, Graduate of Rose Bruford College
Rose Bruford College er meðlimur í The Conference of Drama Schools CDS

Þessi appelsínugulu augu...

Killzone 3 byrjar aðeins nokkrum mínútum eftir atburði Killzone 2, en þar hafa góðu gæjarnir (ISA) lent á plánetunni Helghan og ráðist þar á höfuðvígi vondu gauranna (Helghast) og drepið foringjann Visari. Í kjölfarið verður allt brjáláð og er markmið leiksins að koma ISA-hermönnum heim aftur til jarðarinnar. Killzone 3 er fyrstu persónu skotleikur sem inniheldur bæði stórbrotinn en einfaldan söguþráð. Netspilunin er fullkomin og geta leikmenn valið þar um mismunandi persónur og með tímanum er hægt að þróa þær og gera öflugri. Fjölmörg borð eru í netspilun leiksins sem er bæði fjölbreytt og líklega sú flottasta sem komið hefur fram í langan tíma. Leikinn er hægt að spila með því að nota Move-stýriþrúppuna og virkar það ótrúlega vel, enda var sérstakt tillit tekið til þessa möguleika við hönnun leiksins.

Flottasti fyrstu persónu skotleikurinn?

Hvað grafík varðar er Killzone 3 líklega einn flottasti fyrstu persónu skotleikur sem nokkurn tíma hefur komið út. Það á bæði við borð leiksins sem eru uppfyllt af sterkum litum og smáatriðum og einnig á það við um persónur leiksins sem lifna við með raunverulegum andlitshreyfingum. Þeir sem eiga þrívíddarsjónvarp geta spilað allan leikinn í fullkominni þrívídd sem gerir upplifunina ennþá sterkari.

Það er klárt að enn hefur framleiðendum Killzone tekist að bæta sig með Killzone 3. Leikurinn er svo sem ekki sá frumlegasti á árinu, en gerir allt sem hann gerir mjög vel og klárt að þessi appelsínugulu augu hafa sjaldan eða aldrei skinið skærar.

Ólafur Þór Jóelsson



FJÖLMÖRG BORÐ OG FULLKOMIN NETSPILUN

TÖLVULEIKUR

Killzone 3

AAAAA

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Sony Computer Entertainment

Dómar: Gamespot: 8,5 / IGN: 8,5 / Eurogamer: 8

www.opticalstudio.is



Chrome Hearts



Bvlgari



Burberry



Chanel



Dolce&Gabbana



Face



Lindberg Spirit 8



Moods of Norway




Persol



Odd Molly



Prada



Oakley



RayBan



Robert La Roche



Cutler and Gross



Roberto Cavalli



Tom Ford



Ørgreen



Lindberg



Versace

Þar sem úrvalið er

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Eins og **partígestur** *sem fer á* **kostum**

/// *Krakkar sem ég hitti
í skólum vita samt
ekkert hvað Fóstbræður eru
og halda að ég sé bara pulsu-
kallinn og aukaleikari hjá
Steinda Jr. sem er mjög flott.*



viðtalið

„Málið er að koma, taka stemninguna og lyfta henni aðeins upp í smá stund, ekki beinlínis að láta fólk hlæja,“ segir leikarinn og fóstbróðirinn **Þorsteinn Guðmundsson** sem er óumdeilanlega með fyndnari mönnum Íslands.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Kristinn Ingvarsson

sigyn@monitor.is
kring@mbl.is

Þorsteinn Guðmundsson hefur verið einn allra vinsælasti grínisti landsins frá því hann sló í gegn í Fóstbræðrum á sínum tíma. Þorsteinn tók bæði þátt í að skrifa handrit þáttanna og lék eftirminnilega í seríunum. „Þegar við vorum búin að gera nokkrar þáttaraðir fengum við á tilfinninguna að þær myndu lifa,“ segir hann um þættina sem eru orðnir klassískir grínþættir hér á landi. Frá því að Fóstbræðrabáttunum lauk hefur Þorsteinn verið áberandi í íslensku skemmtanálífi. Uppistand, sjónvarpsþættir, ljóða-bækur, auglýsingar og sketsar eru meðal þess sem hann hefur fengið við svo það er löngu ljóst að sama hvort um leik eða skrif er að ræða, þá steinliggur fyrir Þorsteini Guðmundssyni að vera fyndinn.

Hvenær byrjaðir þú að leika? Ég hafði engan sérstakan áhuga á leikhúsi sem krakki. Ég var í mínu eigin leikhúsi og gekk um í búningum heima, mikið sem Prins Valiant í búning sem ég saumaði á mig. Það var frekar óheppilegt því í raun og veru var búningurinn eins og blár kjóll. Mér fannst það samt koma mjög vel út. Í MR tók ég þátt í Herranótt eiginlega bara upp á félagsskapinn og gerði mér auðvitað vonir um að hitta sætar stelpur og svoleiðis. Það var aðalhvattningin mín. Eftir MR fór ég í Leiklistarskóla Íslands og útskrifaðist þaðan.

Hvað varst þú að gera áður en þú byrjaðir í Fóstbræðrum? Fyrst eftir Leiklistarskólann var ég til dæmis að skrifa barnaleikrit sem ég seldi til skóla landsins. Þá sendi ég handritið út um allt land með gíróseðli og bauð þeim að nota handritið gegn því að greiða gíróseðilinn. Þetta gekk alveg ótrúlega vel. Ég seldi þónokkur handrit og náði að framfleyta mér í nokkrar vikur svo þetta var ekki svo slæm hugmynd. Eftir það vann ég sem lausráðinn leikari, lék í leikhúsum og vann á auglýsingastofunni Hvíta húsið sem textamaður.

Hvaða hlutverk eru minnisstæðust úr leikhúsinu á þessum tíma? Ég lék til dæmis hest og skeggjaða konu í Emil í Kattholti í Þjóðleikhúsinu og var einnig í sýningu með Helgu Brögu í Tunglinu sem er gamall skemmtistaður. Við höfðum þekkt pínulítið úr námínu en í þessu leikriti kynntumst við mjög vel. Þannig kom það eiginlega til að hún fékk mig til að koma inn í Fóstbræður nokkrum árum seinna.

Varst þú fenginn í Fóstbræður til að skrifa eða leika? Ég byrjaði að skrifa þegar fyrsta serían var að fara í loftið og setti það skilyrði að ég fengi að leika líka. Ég nenni ekkert að gera þetta ef ég var bara að fara að skrifa fyrir þetta lið. Ég sá fyrsta þáttinn og hugsaði: „Sjött, þetta er ekki nógu gott. Við verðum að gera næstu seríu betri.“ Ég áttaði mig auðvitað seinna á því að fyrsta serían var hugsanlega sú besta þrátt fyrir að ég hefði ekki tekið þátt í henni.

Átt þú þér uppáhaldskaraktar eða uppáhaldsskets úr Fóstbræðrum? Ég lýg því ekki, ég hef horft á Fóstbræður einu sinni og það var þegar þættirnir voru sendir út. Ég hef séð einstaka sketsa á YouTube og svona en annars horfi ég aldrei á þetta. Mér þótti alltaf svolítið vænt um atvinnulausa leikarann Snúlla snúð sem var verst uppistandari í heimi. Hann talaði til mín. Ég hélt upp á hann lengi vel og fór svo eiginlega að gera það sem hann var að gera sem var að skemmta á vinnustöðum. Ég hef verið mjög mikið í því svo við Snúlli snúður erum eitt.

Nú er um það bil áratugur síðan Fóstbræður hættu. Hvað finnst þér um að þættirnir séu ennþá svona vinsælir og að fólk sé ennþá að vitna í þá? Auðvitað er það rosalega skemmtilegt. Þegar við vorum búin að gera nokkrar þáttaraðir fengum við á tilfinninguna að þær myndu lifa. Ég vona að þetta hljómi ekki hrokafullt en þetta var eitthvað sem var á réttum tíma og gekk upp. Þess vegna kemur það ekki alveg á óvart að þættirnir séu að verða þínu költ. Ég hef tekið eftir að þegar nýir gamanþættir eru auglýstir eru þeir oft auglýstir „í anda Fóstbræðra“ sem er mjög fyndið. Krakkar sem ég hitti í skólum vita samt ekkert hvað Fóstbræður eru og halda að ég sé bara pulsukallinn og aukaleikari hjá Steinda Jr. sem er mjög flott.

Ert þú orðinn þreyttur á að svara spurningum um Fóstbræður eins og þeim sem ég er búin að vera að spyrja þig? Nei, ég hef bara aldrei haft neitt rosalega

mikið af svörum við þeim. Þetta var frábær tími, svona sérstaklega framan af, og mér þykir svolítið vænt um þessa þætti.

Þú ert ískyggilega líkur skapofsakokkinum Gordon Ramsay í La Pulsa auglýsingunum. Veit hann af þér? Ég hef ekki hugmynd um það. Ég gæti nú vel ímyndað mér að einhver hafi sent honum íslenska vitleysinginn sem er að herma eftir honum.

Glímur þú við hárfynningu eins og Ramsay? Já, nema hjá mér er þetta alls ekki vandamál. Ég er kominn með blettaskalla og hárlínan er að færast ofar en ég verð bara svo rosalega sætur svona. Það sem skilur okkur Ramsay að eru hárlíngar. Ef ég fer út í svona hárlíngar máttu skjóta mig á færi. Mér finnst gaman að eldast. Það er svo gaman fyrir leikara að vera ekki alltaf eins. Þá fær maður ný hlutverk og allt í einu fleiri persónur að glíma við svo ég fagna aldrinum.

Árið 2002 varst þú tilnefndur til Edduverðlaunanna fyrir leik þinn í Maður eins og ég. Varst þú svekktur yfir að hafa ekki sigrað? Nei, nei, ég var það nú ekki. Þegar verið var að tilkynna verðlaunin kom einhver inn í bekkinn sem ég sat á. Konan á sviðinu var að opna umslagid og þá stend ég upp fyrir konunni sem þurfti að komast framhjá mér sem var mjög óheppilegt. Allir horfðu á mig og héldu að ég væri alveg svakalega sigurviss. Svo var einhver annar lesinn upp sem sigurvegari og ég flýtti mér að setjast niður, allur rauður í framan. Ég átti ekki von á neinu en mér fannst mjög gaman að fá tilnefninguna.

Sérð þú fram á að næla í verðlaun fyrir Okkar eigin Osló? Ég reikna ekki með neinu en það sem er svo skemmtilegt við það verkefni er hversu margir gáfu sig alveg 100% í það og fengu kikk út úr því. Til dæmis reynsluboltar eins og Hilmir Snær sem þakkaði mér fyrir hlutverkið. Hann er að sýna á sér nýja hlið sem leikari sem er ótrúlegt eftir allt sem hann hefur leikið. Að fylgjast með fólk fái kikk út úr því að vinna eitthvað sem þú hefur skapað er frábært.

Í síðustu viku var ég til dæmis að skemmta í fyrirtæki og þá kom strákur og sagði við mig: „Ég hló svo mikið að ég slefaði á skyrtna mína“.

Er Okkar eigin Osló fyrsta kvikmyndahandritið sem þú skrifar? Í raun og veru má segja að þetta sé fyrsta kvikmyndahandritið mitt sem er kvikmyndað. Ég hef skrifað alveg fleiri handrit og vann til dæmis einu sinni alveg rosalega fyndið handrit með Róberti Douglas um einhverja Eurovision-lúða. Maður er búinn að vera viðloðandi þennan bransa en þetta er verkefnið sem fór alla leið. Það virðist vera pínulítil tilviljun sem ræður því hvað kemst á koppinn.

Í örstuttu máli, af hverju eigum við að sjá þessa mynd? Myndin er gamanmynd sem gerist í nútímanum og fjallar um fólk sem ég held að allir kannist við. Þarna eru teknar persónur úr hversdagslífinu og við sjáum fólk í aðstæðum sem ég held að margir þekki. Eins og til dæmis fólk sem á lítið sameiginlegt reyna að verða ástfangið og dila við einhverja fyrrverandi kærasta og kærustur, mömmur sem eru stjórnsmálar og misþroska systur sem þarf að passa. Þetta er svona daglega lífið sem getur orðið dálítið skritið og skemmtilegt. Við reynum að draga fram húmorinn í þessum hversdagslegu aðstæðum og setja í form gamanmynda.

Hvernig grín filar þú? Ég er að horfa mjög mikið á vinsæla sjónvarpsþætti eins og Curb Your Enthusiasm og nú erum við hjónin til dæmis búin að vera að horfa á Staupastein og gamla klassiska þætti. Við tökum fyrir sérir og núna er Frasier í tækinu. Rætur mínar í gríninu má rekja til leikarans John Candy. Ég dyrkaði hann og mín uppáhaldsbíómynd er Planes, Trains & Automobiles með John Candy og Steve Martin. Ef einhver filar þá mynd kveikir hann kannski svolítið á því sem við erum að reyna að gera í Okkar eigin Osló. Ég hef smekk fyrir svoleiðis gríni og mér

HRADASPUNINGAR

Uppáhaldstónlistarmaður? Miles Davis.

Uppáhaldsnammi? Wine Gums.

Uppáhaldsmatur? Hakk og spagettí.

Uppáhaldsdýr? Brúnn labrador.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur? Curb Your Enthusiasm.

Uppáhaldslitur? Ljósblár.

Uppáhaldsvinur? Móðir mín.

Uppáhaldslag? Bíddu pabbi.

Uppáhaldsleikari? John Candy.

Uppáhaldskvikmynd? Planes, Trains & Automobiles.



finnst gaman þegar grínistar leggja hjartað í grínið. Eins og Pétur Jóhann sem maður hefur alltaf samúð með og er einlægur. Margir frábærir íslenskir grínistar gera þetta í staðinn fyrir að vera með einhverja tækni sem maður verður þreyttur af að horfa á.

Þú virðist aldrei eiga í vandræðum með að vera fyndinn þegar þú kemur fram opinberlega. Ert þú öðruvísi heima hjá þér eða með félögum eða ert þú ein allsherjar grínvél? Ég hef stefnt að því í samskiptum að reyna að vera skemmtilegur eins og hver annar. Vera góður við konuna mína og skemmtilegur á heimilinu, ég er aldrei í fýlu viljandi eða neitt svoleiðis. Að vera fyndinn hefur samt aldrei verið markmið hjá mér. Það sem hefur þróast í uppistand hjá mér er að fá fólk til þess að koma með mér í einhvær húmor. Koma með mér í eitthvað ástand þar sem við erum að skemmta okkur saman. Oft er ég með tilbúið efni en markmiðið er að vera eins og maður sem fer á kostum í partí í tuttugu mínútur. Allir í partíinu hugsa: „Djöfull var hann fyndinn. Jæja, nú skulum við tala saman.“ Maður er ekkert að taka yfir partí en maður kemur inn og er með ákveðið performance og fólk spilar með. Ef það spilar ekki með er þetta gagnslaust. Málið er að koma, taka stemninguna og lyfta henni aðeins upp í smá stund, ekki beinlínis að láta fólk hlæja.

Hefur þú átt grúppiur? Eiga grínistar kannski bara unglingsstráka fyrir grúppiur? Það verður eiginlega að segjast að flestar grúppiurnar eru bólugrafir unglingsstrákar. Skemmtilegast er þegar fólk kemur með einhver fyndin komment eftir að ég hef verið að skemmta. Í síðustu viku var ég til dæmis að skemmta í fyrirtæki og þá kom strákur og sagði við mig: „Ég hló svo mikið að ég slefaði á skyrtna mína.“ Svo sýndi hann mér blett á skyrtni eftir slefið. Ég þakkaði honum bara kærlega fyrir. Fyrir nokkrum árum kom líka maður til mín og bauð mig um þættina Atvinnu-maðurinn á DVD. Ég sagðist ekki eiga neitt slíkt enda horfði enginn á þá þætti. Þá sagði hann mér að afi hans væri með alzheimer og alveg út úr heiminum. Einu skiptin sem afinn sýndi viðbrögð væru þegar hann færi að hlæja að Atvinnumanninum. Mér fannst þetta alveg frábært hrós og þessi gamli maður er mín uppáhaldsgrúppía.

Ásamt því að leika hefur þú gefið út fjórar bækur, skrifað fjölmörg handrit og örsögur. Hvort finnst þér skemmtilegra að skrifa eða leika? Mér finnst skemmtilegast að blanda þessu saman og ég held ég gæti ekki hugsað mér að vera bara í öðru. Ég er með smá athyglisbrest svo ég hoppa úr einu í annað. Ég hef aldrei planað neitt og geri það sem mér dettur í hug. Oft er það þannig að hugmyndirnar sem virka heimskulegastar reynast best.

Hefur þú náð að lifa alfarið á listinni? Eftir að hafa unnið á Hvíta húsinu í gamla daga hef ég haldið tengslum við auglýsingabransann og er ennþá að gera auglýsingar. Það er hin vinnan mín sem ég hef alltaf haft með listinni. Ég reyni að beita sömu aðferðum og fyrir mér getur auglýsingagerð líka verið list.

Hvað er framundan hjá þér? Eins og ég segi þá plana ég nánast ekki neitt. Það liggur við að ég vakni bara á morgnana og hugsi: „Hvað á ég að gera í dag?“ Það er samt heilmikið að gera í uppistandinu og margt spennandi í bígerð.

ÓSKARINN TEKINN Í GEGN

Um helgina verður Óskarsverðlaunahátíðin haldin í 83. sinn. Monitor grennslaðist fyrir um hátíðir fyrri ára og gagnrýni á val Óskars frænda í gegnum tíðina.



BESTA MYNDIN

LÉLEGUSTU SIGURVEGARARNIR

Oftast hittir Óskar frændi á frábærar kvikmyndir en í gegnum tíðina hefur þó komið fyrir að honum skjáttlist hrápalega. Hér koma nokkrar myndir sem þykja varla hafa átt heildurinn skilinn.



Out Of Africa (1985)
IMDB: 7,0/10
Rotten Tomatoes: 63%



Driving Miss Daisy (1989)
IMDB: 7,5/10
Rotten Tomatoes: 79%



Forrest Gump (1994)
IMDB: 8,6/10
Rotten Tomatoes: 70%



The English Patient (1996)
IMDB: 7,3/10
Rotten Tomatoes: 83%



Titanic (1997)
IMDB: 7,4/10
Rotten Tomatoes: 83%



Shakespeare In Love (1998)
IMDB: 7,4/10
Rotten Tomatoes: 93%

A Beautiful Mind (2001)
IMDB: 8,0/10
Rotten Tomatoes: 78%

Chicago (2002)
IMDB: 7,2/10
Rotten Tomatoes: 88%

Crash (2005)
IMDB: 8,0/10
Rotten Tomatoes: 75%

ALDREI TILNEFNDAR

Álitsgjafar Óskars frænda hafa stundum gleymt að tilnefna frábærar kvikmyndir sem hafa fengið lof gagnrýnenda. Hér koma nokkrar sem fengu ekki einu sinni að vera með.



Psycho (1960)
IMDB: 8,7
Rotten Tomatoes: 99%




2001: A Space Odyssey (1968)
IMDB: 8,4
Rotten Tomatoes: 96%



The Empire Strikes Back (1980)
IMDB: 8,8
Rotten Tomatoes: 97%



The Usual Suspects (1995)
IMDB: 8,7
Rotten Tomatoes: 87%



Se7en (1995)
IMDB: 8,7
Rotten Tomatoes: 85%



The Truman Show (1998)
IMDB: 8,0
Rotten Tomatoes: 95%

The Matrix (1999)
IMDB: 8,7
Rotten Tomatoes: 87%

Requiem For A Dream (2000)
IMDB: 8,4
Rotten Tomatoes: 78%

Pan's Labyrinth (2006)
IMDB: 8,4
Rotten Tomatoes: 95%

MESTU VONBRIGÐIN

Það getur aðeins ein kvikmynd verið valin Besta myndin á hverju ári og hafa gæðakvikmyndir oft þurft að léta í minni pokann fyrir misgóðum sigurvegurum. Hér koma nokkrar sem voru tilnefndar sem Besta myndin og þykja fantagóðar en töpuðu engu að síður.




A Clockwork Orange (1971)
IMDB: 8,5/10
Rotten Tomatoes: 91%
Tapaði fyrir: The French Connection



Star Wars (1977)
IMDB: 8,8/10
Rotten Tomatoes: 94%
Tapaði fyrir: Annie Hall



Apocalypse Now (1979)
IMDB: 8,6/10
Rotten Tomatoes: 98%
Tapaði fyrir: Kramer vs. Kramer



Raiders Of The Lost Ark (1981)
IMDB: 8,7/10
Rotten Tomatoes: 94%
Tapaði fyrir: Chariots Of Fire



The Shawshank Redemption (1994)
IMDB: 9,2/10
Rotten Tomatoes: 88%
Tapaði fyrir: Forrest Gump



L.A. Confidential (1997)
IMDB: 8,4/10
Rotten Tomatoes: 99%
Tapaði fyrir: Titanic



Saving Private Ryan (1998)
IMDB: 8,5/10
Rotten Tomatoes: 91%
Tapaði fyrir: Shakespeare In Love

Crouching Tiger, Hidden Dragon (2000)
IMDB: 8,0/10
Rotten Tomatoes: 97%
Tapaði fyrir: Gladiator

The Pianist (2002)
IMDB: 8,5/10
Rotten Tomatoes: 96%
Tapaði fyrir: Chicago

GÓÐKUNNINGJAR

Margir leikarar hafa verið tilnefndir margfalt sem bestu leikari í aðalhlutverki en sumir virðast vera í uppáhaldi hjá Óskari.



Jack Nicholson
Tilnefningar: 8
Verðlaun: 2
Nýting: 25%



Dustin Hoffman
Tilnefningar: 7
Verðlaun: 2
Nýting: 29%



Tom Hanks
Tilnefningar: 5
Verðlaun: 2
Nýting: 40%



Sean Penn
Tilnefningar: 5
Verðlaun: 2
Nýting: 40%



Daniel Day-Lewis
Tilnefningar: 4
Verðlaun: 2
Nýting: 50%



FYNDNAR STADREYNDIR

Robert De Niro hlaut Óskarinn fyrir besta leik í aukahlutverki fyrir túlkun sína á Vito Corleone í *The Godfather, Part II* (1974) sem er sama hlutverkið og **Marlon Brando** fékk Óskar fyrir sem bestu leikari í aðalhlutverki í kvikmyndinni *The Godfather* (1972).



Al Pacino var tilnefndur fyrir sama hlutverkið tvisvar. Um er að ræða hinn alræmda Michael Corleone í *The Godfather* (1972) og *The Godfather, Part II* (1974).



John Wayne og **Jeff Bridges** voru báðir tilnefndir fyrir túlkun sína á Rooster Cogburn í kvikmyndunum *True Grit* (1969) og endurgerðinni *True Grit* (2010).



Jamie Foxx var tilnefndur sem bestu leikari í aðalhlutverki og aukahlutverki árið 2004 fyrir myndirnar *Ray* og *Collateral*.



BESTI LEIKARI Í AÐALHLUTVERKI

VINSÆLUSTU STÚLKURNAR

Leikkonur höfðu misvel til Óskars og ekki margar hafa verið tilnefndar mörgum sinnum en sumar virðast nýta tilnefningarnar betur en aðrar.



Meryl Streep
Tilnefningar: 13
Verðlaun: 1
Nýting: 8%



Susan Sarandon
Tilnefningar: 5
Verðlaun: 1
Nýting: 20%



Kate Winslet
Tilnefningar: 4
Verðlaun: 1
Nýting: 25%



Jodie Foster
Tilnefningar: 3
Verðlaun: 2
Nýting: 67%



Hilary Swank
Tilnefningar: 2
Verðlaun: 2
Nýting: 100%



FYNDNAR STADREYNDIR

Bæði **Jodie Foster** og **Hilary Swank** fengu tvenn Óskarsverðlaun sem bestu leikkonur í aðalhlutverki fyrir þrjúg.



Whoopi Goldberg var tilnefnd fyrir frammistöðu sína í *The Color Purple* (1985) sem var fyrsta stóra hlutverkið hennar í kvikmynd.



Bæði **Susan Sarandon** og **Geena Davis** voru tilnefndar fyrir hlutverk sín í *Thelma & Louise* (1991) en töpuðu báðar fyrir **Jodie Foster**.



Kate Winslet og **Gloria Stuart** voru báðar tilnefndar fyrir frammistöðu sína sem Rose yngri og eldri í *Titanic* (1997).



BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

Í UPPÁHALDI

Sumir leikstjórar eru vinsælli hjá Óskari frænda en aðrir.



William Wyler
Tilnefningar: 12
Verðlaun: 3
Nýting: 25%



Steven Spielberg
Tilnefningar: 6
Verðlaun: 2
Nýting: 33%



Woody Allen
Tilnefningar: 6
Verðlaun: 1
Nýting: 17%



Martin Scorsese
Tilnefningar: 6
Verðlaun: 1
Nýting: 17%



Clint Eastwood
Tilnefningar: 4
Verðlaun: 2
Nýting: 50%



ÞESSIR HAFU ALDREI UNNIÐ



Alfred Hitchcock
Stanley Kubrick
Charlie Chaplin
Spike Lee



Tim Burton
David Lynch
Ridley Scott
George Lucas



BESTI LEIKSTJÓRI

ÓSKARSVERÐLAUNIN 2011

Besta myndin:

- Black Swan
- The Fighter
- Inception
- The Kids Are All Right
- The King's Speech
- 127 Hours
- The Social Network
- Toy Story 3
- True Grit
- Winter's Bone

Besti leikari í aðalhlutverki:

- Javier Bardem (*Biutiful*)
- Jeff Bridges (*True Grit*)
- Jesse Eisenberg (*The Social Network*)
- Colin Firth (*The King's Speech*)
- James Franco (*127 Hours*)

Besta leikkona í aðalhlutverki:

- Annette Bening (*The Kids Are All Right*)
- Nicole Kidman (*Rabbit Hole*)
- Jennifer Lawrence (*Winter's Bone*)
- Natalie Portman (*Black Swan*)
- Michelle Williams (*Blue Valentine*)

Besti leikstjóri:

- Darren Aronofsky (*Black Swan*)
- David O. Russell (*The Fighter*)
- Tom Hooper (*The King's Speech*)
- David Fincher (*The Social Network*)
- Joel Coen og Ethan Coen (*True Grit*)

FERILLINN



Ryan Reynolds

Hæð: 188 sentimetrar.
Besta hlutverk: Paul Conroy í *Buried*.
Staðreynd: Hefur þjást af flughræðslu síðan hann lenti í því að fallhlíf opnaðist ekki strax þegar hann prófaði fallhlífastökk í fyrsta sinn.
Eitruð tilvitnun: „Trúarbrögð eitra allt sem er gott í þessum heimi.“

1976 Fæðist í Vancouver í Kanada, yngstur fjögurra bræðra.

1990 Fékk fyrsta tækifærið sitt í kanadíska unglingsáþunni *Hillside*.

1995 Sagði sig úr námi í háskóla í Vancouver til þess að einbeita sér að því að gerast leikari. Hann flutti svo með vini sínum til Los Angeles og gisti á ódýru vegahótelum fyrst um sinn.

1998 Landaði hlutverki í grínþáttunum *Two Guys, A Girl and a Pizza Place* sem meðal annars voru sýndir á Íslandi.

2002 Lék Van Wilder í grínmyndinni *National Lampoon's Van Wilder*.

2003 Kom fram í kvikmyndinni *The In-Laws* með Michael Douglas.

2004 Trúlofaðist söngkonunni Alanis Morissette en þau höfðu kynnst í afmælisveislu hjá Drew Barrymore tveimur árum áður. Þau slitu samvistum árið 2007.

2007

Byrjaði með leikkonunni Scarlett Johansson. Þau giftust árið 2008.



2008 Var útnefndur einn af kynþokkafyllstu karlmönnum heims af tímaritinu *People* í fyrsta sinn. Hefur náð á þann lista árlega síðan þá.

2009 Lék eitt aðalhlutverk í kvikmyndinni *The Proposal*, á móti Söndru Bullock og í kvikmyndinni *X-men Origins: Wolverine* sama ár.

2010 Sækir um skilnað frá eiginkonu sinni, Scarlett Johansson.

Frumskýningar helgarinnar

Buried

Paul (Reynolds) vaknar, grafinn í kistu einhversstaðar í eyðimörkinni og hefur ekki hugmynd um hvernig hann komst þangað. Hann hefur aðeins 90 mínútur eftir af súrefni og eina tenging hans við umheiminn er ókunnur farsími með lélegt samband og hálfkláraða rafhloðu. Myndin hefur vakið gríðarlega athygli síðan hún var frumsýnd á Sundance-hátíðinni í fyrra, bæði fyrir afar frumlega og áhrifamikla útfærslu á sögu sem gerist eingöngu í einu



þröngu rými og fyrir frábæra frammistöðu eina leikarans, Ryan Reynolds. *Variety* kallar hana „sérlega frumlega útfærslu á spennusögu sem myndi fá Alfred Hitchcock til að snúa sér í grófinni.“

Leikstjóri: Rodrigo Cortés.
Aðalhlutverk: Ryan Reynolds, José Luis García Pérez og Robert Paterson.

Lengd: 95 mínútur.

Dómar: IMDB: 7,3 / Metacritic: 6,5 / Rotten

Tomatoes: 86%.

Kvikmyndahús: Bíó Paradís.

Justin Bieber: Never Say Never

Leikstjóri: Jon Chu.
Aðalhlutverk: Justin Bieber.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: 1,1 / Metacritic: 5,2 / Rotten Tomatoes: 68%.

Aldurstakmark: Leyfð.
Kvikmyndahús: Sambíóin.
Heimildamyndin *Never Say Never* er saga Justin Bieber frá því hann var ungur götulistamaður í smábæ í Ontario í Kanada. Fljótlega varð hann netundur og í dag fyllir hann stærstu tónleikahallir heims.



The Mechanic

Leikstjóri: Simon West.
Aðalhlutverk: Jason Statham, Ben Foster og Donald Sutherland.
Lengd: 92 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,8 / Metacritic: 4,9 / Rotten Tomatoes: 52%.

Aldurstakmark: 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó.
Arthur Bishop (Statham) er úrvallsleigumörðingi en eftir að lærifaðir hans er myrtur kemst ekkert að í huga hans nema hefnd. Ásamt syni læriföðursins leitar hann mörðingjans en svik verða til þess að þeir verða fórnarlömb sjálfir.



The Rite

Leikstjóri: Mikael Hafstrom.
Aðalhlutverk: Anthony Hopkins og Toby Jones.
Lengd: 90 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,2 / Metacritic: 3,8 / Rotten Tomatoes: 17%.

Kvikmyndahús: Sambíóin.
Myndin byggir á sannri sögu um efasemdarmann sem treglega sækir særingarskóla í Vatikaninu.



Space Chimps 2

Leikstjóri: John H. Williams.
Aðalhlutverk: Tom Kenny, Zack Shada og Patrick Warburton.
Lengd: 76 mínútur.
Dómar: IMDB: 2,2.
Kvikmyndahús: Sambíóin.
Tækniapann Comet langar til að vera tekinn alvarlega sem geimapi. Hann ferðast til plánetunnar Malgor og upplifir drauma sína.



How Do You Know

Leikstjóri: James L. Brooks.
Aðalhlutverk: Reese Witherspoon, Paul Rudd og Owen Wilson.
Lengd: 116 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,3.
Aldurstakmark: Leyfð.
Kvikmyndahús: Smára- og Háskólabíó.
Lisa á í tilvistarkreppu en málin flækjast frekar þegar maður með allt á hælunum verður ástfanginn af henni.



KVIKMYND

Ótrúleg mynd um ótrúlegt afrek



Kvikmyndin *127 Hours* er sönn saga sem fjallar um Aron Ralston en hann festist ofan í gljúfri í Utah-fylki í Bandaríkjunum árið 2003. Söguþráður myndarinnar er ekki flóknari. Samt sat ég algjörlega fastur í sæti mínu eins og ég væri að horfa á bankaránið í Heat. Leikstjórinn Danny Boyle, sem hefur gert myndir eins og *Trainspotting* og *Slumdog Millionaire*, sýnir hér enn og aftur hvers megnugur hann er. Stærsti hluti myndarinnar fer í það að horfa á Ralston berjast við náttúruöflin, næringarskort og síðast en ekki síst sjálfan sig.

Það sem er magnað við þessa mynd er að Danny Boyle nær að láta áhorfandann líða eins og hann sé sjálfur fastur. Míg verkjaði í höndina allan tímann. Ralston var fastur ofan í gljúfrinu í fimm daga og eins og gefur að skilja þá gerðist ekki mikið hjá honum allan þennan tíma. Þess vegna á Boyle mikið hrós skilið fyrir að halda flæði myndarinnar jafn vel og hann gerir því það hefði verið mjög auðvelt að klúðra því.

James Franco fer algjörlega á kostum

James Franco er sérstakur leikari. Í *127 Hours* sýnir hann öllum hversu frábær leikari hann er. Hann er einn nánast allan tímann með engan mótleikara sem hlýtur að vera krefjandi. Franco vann mikla heimavinnu áður en hann lék í þessari mynd og hitti hinn eina sanna Aron Ralston. Ralston leyfði til dæmis aðeins Franco að sjá hinar upprunalegu upptökur af honum í gljúfrinu sjálfu því hann vildi ekki sýna neinum það. Ég reikna með því að flestir viti hvernig þessi saga endar en til að skemma ekki fyrir neinum þá segi ég ekki meir. Endirinn á myndinni er ótrúlegur og alls ekki fyrir viðkvæma. Ekki skemmir svo fyrir að heyra lagið *Festival* með *Sigur Rós* á stærsta augnabliki myndarinnar.

Tómas Leifsson



127 Hours

Leikstjóri: Danny Boyle.
Aðalhlutverk: James Franco.
Lengd: 95 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,1 / Metacritic: 8,1 / Rotten Tomatoes: 93%.

Popp-korn

Mikil pressa er á þeim Anne Hathaway og James Franco þessa dagana en þau munu kynna Óskarsverðlaunin um helgina. Oft hafa kynnamir gengið langt í gríninu og fór hinn breski Ricky Gervais yfir strikið á síðustu Golden Globe-hátíð. Í nýlegu viðtali segja Hathaway og Franco ekki ætla að vera með neina stæla en vissulega verði brandarar á dagskránni.



Talandi um Óskarinna þá veur það mikla athygli sérfræðinga í ár að kvikmyndin *True Grit* skuli fá svo margar tilnefningar. Ekki vegna gæða myndarinnar heldur vegna þess að Vestrar hafa í gegnum tíðina ekki verið ofarlega í huga gagnrýnenda. Aðeins tvær slíkar kvikmyndir hafa verið valdar besta myndin en það eru *Dances With Wolves* og *Unforgiven*.



Steve Carell er best þekktur fyrir gamanleik en hefur einnig verið mjög laginn við að leika dramatísk hlutverk. Nú er Carell orðaður við myndina *Dogs Of Babel* sem fjallar um professor sem kemur heim einn daginn og finnur eigin konu sína látna í bakgarðinum. Eina vitnið að dauða hennar er hundurinn á heimilinu sem professorinn reynir að kenna að tala til að komast að því hvað gerðist.



Mikið hefur verið rætt um nýju myndina um Ofurmennið sem er í bígerð. Henry Cavill mun leika Ofurmennið sjálf en nú vinna aðstandendur myndarinnar hörðum höndum við að fylla í hin hlutverkin. Fjölmörg nöfn hafa komið upp í umræðunni og nú þykir mjög líklegt að leikarinn Kevin Costner muni fara með hlutverk föður Clark Kent.



Um helgina hefjast sýningar í Bandaríkjunum á nýrri útgáfu af heimildar myndinni *Justin Bieber: Never Say Never*. Um er að ræða útgáfu þar sem nokkur atriði hafa verið klippt út til að koma 40 mínútum af nýju efni inn. Myndin verður einungis sýnd í nokkrum kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum og Kanada. Nýja útgáfan er í því líkt upprunalegu útgáfunni.



Fermingarrúm

Fermingargjöf frá okkur:
Við gefum 5.000 kr.
upp í fermingarrúm.



Svíf þú inn í svefninn

Úrval fylgihluta:

Rúmteppi, púðar, pífur,
sængurverasett, dýnuhlífar,
náttborð og fleira.



Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu á
rúmum og springdýnum



Eftir þínu höfði:

RB-rúmin og gaflar eru sérsmíðuð eftir þínum
óskum. Þú ræður lengd, breidd, hæð, fótum og
lit á gafl og botni.

RB-rúm er í heimssamtökunum ISPA, sem eru gæðsamtök fyrirtækja
sem sérhæfa sig í framleiðslu og hönnun springdýna.

Opið alla virka daga frá kl. 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is



Stofnað 1943



VELJUM ÍSLENSKT



VELJUM ÍSLENSKT





NASA
Föstudagskvöld
22:00

Má búast við hávaða og látum

„Í rauninni eru þetta fyrstu tónleikarnir sem við sjálfir höldum opinberlega í Reykjavík í fimm ár,“ segir Sigurjón Kjartansson, hljómsevitarmeðlimur í HAM. „Það má búast við gríðarlega miklum hávaða og látum,“ lofar hann og segir bæði gamalt og nýtt efni verða á tónleikadagskránni. „Þessu verður skipt til helminga milli nýs og eldra efnis,“ segir Sigurjón sem hefur rokkað með HAM í 23 ár. „Hljómsevitin er búin að starfa síðan 1988 svo menn munu heyra 80's lög, menn munu heyra 90's lög og síðan ný lög,“ útskýrir hann en bendir á að sumir heyrir ekki mun á tímabilunum. „Fyrir mörgum er þetta allt sama lagið einhvern veginn en það kemur ekki að sök.“

Húsið opnar kl. 22, upphitunarsveitirnar Logn og IKEA Satan stíga á stök kl. 23 og rokkhundarnir í HAM trylla lýðinn frá miðnætti. Miðaverð er 2.000 kr. í forsölu og 2.500 kr. við innganginn.

fílófaxið

fimmtudagur 24 feb

MR. SILLA AND WE ARE ALL ROMANS

20:00 Tónlistarkonan Mr. Silla og We Are All Romans frá New York trylla lýðinn á Bakkus. DJ Bóas þeytir svo skífum. Húsið opnar klukkan 20 og aðgangur er ókeypis.

SÖFNUNARTÓNLEIKAR SWORDS

20:00 Hljómsevitin Swords of Chaos safnar fyrir ferð á tónlistarhátíðina South by Southwest í Mars. Þeir njóta líðsinnis FM Belfast, Orphic Oxta, Quadruplos og Muck. Miðaverð er 1.000 krónur.

BRÚDKAUPSÞÁTTURINN NÓ VI HÓSEI

21:00 Farandklúbburinn Skyndilega greip mig óstjórnleg löngun snýr aftur með fjórða queer-kvöld vetrarins. Að þessu sinni verður hjónabandinu snúið á haus í söng, dansi og gjörningum, enda er klúbbum ekkert heilag. Fram koma Dagbjört og Rúna plötusnúðar, Ragga og Margrét, Eva og Vala, Húsbandið og Elin Ey.

BERGEN-REYKJAVÍK-NUUK

21:00 Tónlistarhátíðin Bergen-Reykjavík-Nuuk fer fram á fimmtudag og föstudag en á henni koma tónlistarmenn frá þessum þremur borgum saman í Norðurljónum á Seltjarnarnesi. Passi á bæði kvöldin kostar 4.000 krónur en miði á stakt kvöld kostar 2.500 krónur. Nánari upplýsingar á midi.is og bergen-reykjavik-nuuk.com.

SVAVAR OG SJANA

21:00 Djass-söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og trúðadorinn Svavar Knútur leiða saman hesta sína á svokölluðu fonduettakvöldi. Miðaverð er 2.000 krónur og er hægt að kaupa miða í forsölu á midi.is.

INGÓ VEÐURGUÐ

21:00 Ingó Veðurguð bregður sér í trúðadoragallann fyrir gesti Oliver.

Bólurnar burt!
“Ég hef verið með bólur í andliti síðan ég var 16 ára. Ég reyndi allt... síðan fann ég loksins það sem virkaði. Það heitir Proactiv®”
Vanessa Williams
www.heilsubudin.is

LOKAPRÓFIÐ

24. febrúar 2011

MONITOR skólinn

Ég heiti Brynjar Þór Björnsson Uppáhaldsmaturinn minn er Nautalund en ég vil helst ekki borða nafragraut með rjóna og sultu

Það versta við að vera bikarmeistari í körfubolta

- a) Eru öll sms-in sem ég er búinn að fá síðan.
- b) Er tómið sem er í hjarta mínu eftir keppnina.
- c) Er pressan að vinna aftur á næsta ári.
- d) Eru grúppiurnar sem sækja að mér.
- e) _____

Af því að Ég fæ svo sjaldan svona falleg sms

Flestir myndu segja að ég væri góður sóknarmaður

en í rauninni er ég besti varnarmaður Íslands

Uppáhaldskarfan mín er

- a) Eins stigs úr viti.
- b) Tveggja stiga troðsla.
- c) Tveggja stiga úr teig.
- d) Þriggja stiga.
- e) Þriggja stiga flautukarfa.

Af því að troðsla

gefur bara 2

Besti körfuboltamaður allra tíma er

- a) Michael Jordan.
- b) Kobe Bryant.
- c) Alexander Ermolinski.
- d) _____


Því hann var með flottustu móttuna

Ef ég myndi missa alla körfuboltahefuleikana vildi ég helst

- a) Fá handboltahæfileika í staðinn og láta rasskella mig í sturtu.
- b) Fá matreiðsluhæfileika í staðinn og komast í kokkalandslíðið.
- c) Fá fótboltahæfileika í staðinn og verða yinur Gylfa Þórs.
- d) Fá danshæfileika í staðinn og hefja samkvæmsdansferil með kærustunni.
- e) Leggjast í dvala.

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

BBB #4



en ég vil

helst ekki borða nafragraut með rjóna og sultu

Ég vildi óska þess að ég væri svartur.

Ég vildi vera eins og MJ
Ég er mjög líklega gáfðastí körfuboltamaður á Íslandi.

Það er á hreinu

Ég nota reglulega rakakrem.

Ég er með! Niðrannaður

Ég þoli ekki að djamma með kærustunni minni.

Við erum best á balli

Ég hef farið í sleik við Völu Grand.

og það er elmi á dagskránni

Vinir mínir kalla mig

Binnar

en þú mátt kalla mig

Bjöll

Síðasta sms sem ég fékk var frá

Agúsci Angantýs

og í því stóð Meðti þú að lyfta, þú og

er svo fuching

Massaður!

Af eftirtöldum kvikmyndum grét ég mest yfir:

- a) Notebook.
- b) Titanic.
- c) Blue Chips.
- d) Coach Carter.

Því þetta var svo fallegur körfubolti

Ef ég gæti gert einn Facebook status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa

Ég er bestur!

Síðast en ekki síst

» Lilja Dögg Jónsdóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ, fílar:

Kvikmynd Ég rifjaði nýlega upp gömul kynni við **Back To The Future** myndirnar. Þær eru ennþá jafn frábærar og þær voru síðast og það er hiklaust þess virði að taka eitt mánudagskvöldið frá í sófamaröpun með **Zemeckis**.

Sjónvarpsþáttur **Modern Family** eru þættir sem falla í þann sjaldgæfa flokk sjónvarpsfemis að geta fengið mig til að skella upp úr jafnvel þó ég sitji bara ein fyrir framan sjónvarpið með poppskál.

Bók Núna er ég að lesa bókina **Predictably Irrational** eftir **Dan Ariely**. Í bókinni eru örök-réttar ákvarðanir fólks tengdar við kassalaga heim hagfræðikenn-inganna og verður ekki annað sagt en að manni líði aðeins betur með sig og sínar oft örökkréttu ákvarðanir eftir þennan lestur.



Plata Nú kem ég kannski upp um það hvað ég er lítill „hipster“. Ef mig langar til að hlusta á almennilega tónlist þá set ég **Abbey Road** á fóninn.

Vefsíða Þarf ég ekki að segja **student.is?**

Staður Þar sem að ég er komin með ótímabæran sumarfiðring í tærnar ætla ég að mæla með Eyjafirðinum eins og hann leggur sig. **Svarfaðardalur, Akureyri, Hrísey, Dalvík** og þar fram eftir götunum. Það er nauðsynlegt að líta þarna við í sumar með tjald, grill og gönguskó.





AFSLÁTTUR
HJÁ OFFICE 1



BÖNS AF
MONNIS!



20% AFSLÁTTUR

SAMBIÓIN

2 FYRIR 1 Í SAMBÍÓ
Á MÁNUBÖGUM



ÞÚ GREIÐIR
6 MÁNUÐI
EN AFIR Í 9

World Class
ISLAND

HELRÖTTAÐUR



GRILLAÐUR
15% AFSLÁTTUR




ATH! AÐEINS
FYRIR BYR
NÁMSMENN



Það biða þín allskonar tilboð og afslættir sem spara þér alveg böns af monnis ef þú gerist Byr námsmaður. Kynntu þér málið á facebook síðu Byrs námsmanna, hjá ráðgjöfum Byrs eða á byr.is



Samsung GALAXY S



Vertu með **RingTóna**
í símanum!
<http://ringtonar.ring.is>

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ